

15.12.2023

Greinargerð.

Inngilding kynsegin fólks þarf að eiga sér stað í öllum kimum samfélagsins. Bæjarfulltrúar Viðreisnar og Garðabæjarlistans óska því eftir því að útnefning íþróttafólks Garðabæjar verði rædd og endurskoðuð með inngildingu að leiðarljósi.

Garðabær samdi við Samtökin '78 um hinsegin fræðslu fyrir sveitarfélagið til þess m.a. að koma í veg fyrir hvers konar útilokun í garð hinsegin einstaklinga. Mikilvægt er að kynsegin börn og ungmenni finni að þau séu velkomin í íþróttum og að Garðabær taki þátt í að lyfta kynsegin íþróttafyrirmyndum.